



Íþróttafélagið Magna
Þorsteinn Þormóðsson, formaður
Gísli Gunnar Oddgeirsson, framkvæmdastjóri

Úrskurður: Ósæmleg framkoma þjálfara Magna, mál nr. 10/2019

Reykjavík, 4. september 2019.

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 27. ágúst 2019 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar sama dag., skv. 21. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmilega framkomu Sveins Þórs Steingrímssonar, þjálfara Magna í mfl. kk., í viðtali sem birtist á vefmiðlinum fotbolti.net, þann 24. ágúst 2019. Var um að ræða opinber ummæli Sveins sem eru að mati framkvæmdastjóra til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og til þess fallin að draga í efa heiðarleika leikmanns Njarðvíkur í leik Njarðvíkur og Magna í Inkasso-deild karla, þann 24. ágúst sl.

Ummælin eru eftirfarandi:

„[...]Ég er svo búin að ræða við minn mann og miðað við hvernig maðurinn dettur í grasið og annað, guð minn almáttugur. Ég bara trúir ekki að menn geri svona, æji ég veit það ekki, ég er svo fúll úti svona svindlara og að menn láti sig bara detta og fiska eitthvað rautt spjald, bara ég þoli þetta ekki.“

„[...]Illu, mjög, það eru bara ákvarðarnir þarna í þessum leik sem að ég bara skil ekki, ég bara næ ekki í rauninni hvernig er ekki hægt að sjá svona og falla fyrir svona svikurum og annað, ég bara næ þessu ekki og ég er svo fúll.“

Greinargerðin var send til Íþróttafélagsins Magna og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina.

Á fundi nefndarinnar 3. september 2019 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann 2. september sl. frá Gísli Gunnari Oddgeirssyni, framkvæmdastjóra Íþróttafélagsins Magna. Að henni virtri og öðrum fyrirliggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli Sveins Þórs Steingrímssonar hafi verið ósæmleg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummæli Sveins undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.5, hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 100.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 3. september 2019 að sekta Íþróttafélagið Magna, um kr. 50.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla Sveins.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vill að lokum minna á nauðsyn þess að grein 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verði í heiðri höfð, en þar segir: *Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka*

Þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson